



## 6. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 18:15.

---

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Þuríður Ingvarsdóttir (ÞI) varamaður Helga Sigurðar Haraldssonar, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður Lúðvíks Magnúsar Ólasonar, Þórdís Rakel Hansen (ÞRH), Adólf Ingvi Bragason (AIB), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

**Forföll boðuðu:** Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Sigríður Runólfsdóttir.

**Fjarverendi:** Axel Sigurðsson.

### 1. Fundargerð aðalstjórnar

- 5. fundargerð aðalstjórnar frá 2. desember 2015 samþykkt.

### 2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 8. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 8. desember 2015 til umræðu.

### 3. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

- Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2016.

### 4. Ungmennaráð Árborgar

- Kjósa þarf fulltrúa UMF. Selfoss í ungmennaráð Árborgar. Tilnefningum skal skilað fyrir næsta fund aðalstjórnar þar sem gengið verður frá kjöri á fulltrúa UMF. Selfoss í ráðið.

### 5. Kjör fulltrúa á Hérðasþingi HSK 2016

- UMF. Selfoss á 24 fulltrúa á Hérðasþingi HSK sem verður haldið í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi 12. mars 2016.
- Samþykkt tillaga að skiptingu fulltrúa. Allar deildir tilnefna einn fulltrúa auk þess sem framkvæmdastjórn tilnefnir níunda hvern fulltrúa. Þeir 14 fulltrúar sem eftir standa skiptist á deildir í hlutfalli við iðkendafjölda 1. desember 2015. Fimleikar 4, frjálsar 2, handbolti 3, júdó 0, knattspyrna 4, mótókross 0, sund 0 og taekwondo 1.

### 6. Aðalfundur UMF. Selfoss

- Samþykkt að halda aðalfund UMF. Selfoss fimmtudaginn 14. apríl 2016.

## **7. Bókhald**

- Hnykktt á að færa skuli alla styrki í bókhald deilda enda mikilvægt að sýna rétta stöðu í fjármálum. Nánari útfærslu vísað til bókara félagsins.

## **8. Heildarsamningar við styrktaraðila**

- Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að samningum við væntanlega styrktaraðila.

## **9. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg**

- GKJ og GJ upplýstu stjórn um stöðu mála.
- Þl benti á mismun varðandi aðgengi að Sundhöll Selfoss sem myndaðist gjarnan hjá iðkendum sem hafa náð 18 ára aldri en eru ekki í meistaraflokkum félagsins. Framkvæmdastjóra falið að koma málinu inn í þjónustusamning.

## **10. Bragi – Ársrit Umf. Selfoss**

- Skilafrestur deilda á efni í blaðið er til 15. febrúar.
- Útgáfa Braga skal standa undir sér og lagði framkvæmdastjóri fram fjárhagsáætlun vegna útgáfunnar.

**Fundi slitið klukkan 19:34.**

***Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.***

### **Fundir aðalstjórnar starfsárið 2015-2016:**

Miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.